

Fundargerð 14. jan. 2019

2. fundur FFSB

Mætt: Vala, Áshildur, Katla, Benedikt og Lára, Margrét og María frá stjórnendum.

Fjarverandi: Haukur

Á dagskrá fundarins voru m.a. viðburðir vorannar:

- **Febrúar:** Skólaþing Setbergsskóla verður laugardaginn 9. febrúar
- **Mars:** Ath fyrirlestur með Pálma (ca 80þ) vikuna 11.-15. mars - að morgni til, 8.30, fyrir nemendur og þá foreldra sem komast – fim og fös ákjósanlegastir (Áshildur)
- **Apríl:** Páskabingó 3. apríl, bingóspjöld í húsi. Óska eftir páskaeggjum hjá Góu (Katla).
- **Maí:** Vorhátíð +/- 15. maí með nokkuð hefðbundnu sniði (ca 200þ), mögulega sama prógram og síðast.
- **Júní:** Afmæli skólans, 4, 5. (opinn dagur) og 6. júní. Útskrift 7. júní. Foreldrafélagið myndi styrkja einhvern skemmtikraft eða tónlistaratriði (ca 100þ+) fyrir nemendur skólans einhvern þessara daga.

Athuga þarf með e-mail frá foreldrafélaginu/í nafni þess, meira um neitanir og sjálfvirk svör frá fyrirtækjum varðandi styrktarefni. 10. bekkur sér um pizzusölu. Ath með posa, sennilega munum við samt auglýsa að eingöngu verði tekið við peningum vegna kostnaðar við posann. Auglýsing (Vala).

Foreldrarölt:

Dagskrá komin sem fylgt hefur verið eftir. Nokkrar skýrslur komnar í hús en engar markverðar fréttir úr þeim. Ýmsar ábendingar hafa borist en ekki í gegnum röltið sjálf. Katla hefur fengið nokkrar ábendingar og komið þeim áleiðis eftir þörfum. Umræða um hvort breyta þurfi tímasetningum á röltinu, hafa það mögulega meira „tilviljanakennt“.

Fjármál:

620.000 inni á reikningnum, þar af á eftir að borga 200.000 í gjöf til skólans. Eftir standa um 420.000 til ráðstöfunar, en um 50% af gjöldunum hafa verið innheimt.

Önnur mál:

Foreldraráð Hafnarfjarðar:

Vorum með stóran og vel heppnaðan fund í Flensborg: *Ekki barnið mitt* þar sem um 120 manns mættu.

Námskrármál:

Námskrár löngu komnar inn á netið skv. stjórnendum.